

Háskólaráð Landbúnaðarháskóla Íslands, fundur nr. 08 - 2021

Staður: Hvanneyri og TEAMS

Tími: Mánudagur 18. október 2021 kl. 13:00-15:00

Fundinn sátu: Ragnheiður I. Þórarinsdóttir (stýrir fundi), Jóhannes Sveinbjörnsson, Jón Kristófer Arnarson, Halldór Þorgeirsson, Guðveig Lind Eyglóardóttir og Bjarni Freyr Gunnarsson. Torfi Jóhannesson boðaði forföll.

Gestir fundar: Gísli Ágúst Guðmundsson rekstrarstjóri fasteigna undir lið 1, Guðmunda Smáradóttir, mannauðs- og gæðastjóri undir lið 2, Theodóra Ragnarsdóttir rekstrarstjóri undir lið 3 og Halldór Jónsson og Guðbjörg Linda Rafnsdóttir frá Háskóla Íslands undir lið 4.

1. Fasteignir Lbhí – verkefni framaundan [kynning og umræður]

Gísli Ágúst Guðmundsson rekstrarstjóri fasteigna fór yfir stöðu mála. Framkvæmd við garðskála á Reykjum hefur verið umfangs- og kostnaðarmeiri en stóð til í byrjun. Nokkur atriði standa enn út af. Einnig fór Gísli yfir ýmsar aðrar viðhaldsframkvæmdir á Reykjum. Slökkviliðsstjóri heimsótti Hvanneyri og gerði athugasemdir. Ýmsu var ábótavant í Ásgarði, sem verður lagað. Einnig eru þar aðrar viðhaldsframkvæmdir í gangi, búið er að leggja af sundlaug og jafna yfirborð. Við Gamla skóla voru athugasemdir slökkviliðs verulegar, svo ekki var talið verjandi að hafa gistingu þar í bili, en endurbætur eru þegar komnar í ferli. Verkfræðistofa vinnur að skýrslugerð og verkið verður kostnaðarmetið í framhaldi. Athugasemdir voru gerðar við rannsóknahús sem einnig eru komnar í ferli. Farið var yfir ýmsar aðrar fyrirliggjandi viðhaldsframkvæmdir, sem sumar hverjar eru á gömlum húsum sem eru partur af Hvanneyrartorfunni og hafa meira gildi sem slíkar heldur en notagildið er fyrir Lbhí. Á Hesti er í skoðun að gera umtalsverðar breytingar á fjárhúsunum, komið er að endurnýjun á burðarvirki í gólfum sem er ákveðið tækifæri til að endurskoða innra skipulag húsanna með tilliti til vinnuhagræðingar og rannsóknastarfs. Á Keldnaholti hafa m.a. verið talsverðar framkvæmdir vegna brunavarna. Umræður urðu um framkvæmdirnar, m.a. mikilvægi þess að gera þarfagreiningu varðandi framtíðarnotkun húsa á Hvanneyrartorfu, svo að þær lagfæringar sem gerðar verða nýtist sem best. Einnig var nokkur umræða um framhald framkvæmda á Reykjum. Jón Kristófer vakti athygli á skemmdum á útisvæðum á Reykjum vegna framkvæmdanna og velti fyrir sér hver bæri ábyrgð á útisvæðunum. Ragnheiður ætlar að ræða þau mál við rekstrarstjóra.

Gísli fór einnig aðeins yfir stöðu mála varðandi jarðræktarmiðstöð. Tillögur liggja fyrir en gera þarf aðalskipulagsbreytingar, ekkert verður hægt að framkvæma fyrr en þær liggja fyrir.

2. Mat Gæðaráðs íslenskra háskóla á sjálfsmati deilda [kynning og umræður]

Guðmunda Smáradóttir mannauðs- og gæðastjóri kynnti helstu niðurstöður úr sjálfsmatsskýrslum deilda. Skýrslum var skilað til gæðaráðs í júní s.l. og gekk sú vinna vel. Þrjár erlendir sérfræðingar komu að vinnunni og rýndu skýrslurnar. Mælt er með skýrari stefnu deilda, að unnið sé í meira mæli eftir aðgerðaáætlunum, að unnið verði að aukinni skjölun upplýsinga, að betur sé horft á þarfir einstakra námshópa, að betur sé unnið að fjármögnun rannsókna, og fleira.

3. Staða fjármála, fjárfestinga og fjárhagsáætlun 2022 [kynning og umræður]



Theodóra Ragnarsdóttir rekstrarstjóri fór yfir stöðu fjármála. Fjárhagsstaðan heilt yfir er frekar góð. Laun eru nokkurn veginn á pari við áætlun, sem eru góðar fréttir. Sumt sem var áætlað hefur dregist og kemur þá aukinn þungi á síðasta ársfjórðung. Passa þarf upp á að áætla kostnað fyrir ýmis stór rannsóknaverkefni sem eru seinni á ferðinni en áætlað var svo að ekki verði skorið niður á móti. Vegna þess hve Covid-19 hefur dregist á langinn hefur minna verið eytt í ferðir en áætlað var. Fyrir liggur að fjárfesta þarf í ýmsum tækjum og búnaði m.a. vegna kennslu í búvélafræði. Einnig að fara þarf í tölverðar framvæmdir/endurnýjun við fjárhúsin á Hesti sbr. 1. lið. Áætlanagerð fyrir rekstur næsta árs er að fara af stað, margt er enn óljóst en reynt er að vinna í því sem hægt er. Ágætlega hefur gengið að fá tölur frá deildum.

4. Breytingar á matskerfi opinberu háskólanna [kynning og umræður]

Halldór Jónsson sviðsstjóri vísinda- og nýsköpunarsviðs Háskóla Íslands kynnti endurskoðun á matskerfi opinberu háskólanna. Meginmarkmiðin eru að hafa kerfið gegnsætt og sanngjarnt, en að halda „verðbólgu“ í skefjum. Reynt er að fækka bilum/spönnum í kerfinu, skýra forsendur flokkunarinnar og tryggja að fjölbreytt framlag sé metið í kerfinu. Nýir matsþættir varða flestir kennslu, stjórnun og þjónustu. Stefnt er að því að nýtt matskerfi taki gildi um næstu áramót, svo árið 2022 verður fyrsta árið sem metið er eftir því. Umræður urðu um skort á umbun í þessu kerfi og sömuleiðis í hvatakerfinu fyrir verkefni sem unnin eru fyrir stjórnvöld en eru ekki birt sem ritrýnt efni.

5. Mál til kynningar

- a) Græn skref og loftslagsstefna – hvort tveggja er í ferli.
- b) Samráðsfundur LbhÍ og MNR í síðustu viku. Sérstaklega var farið yfir málefni Reykja á þeim fundi, ásamt ýmsu fleiru.
- c) Reglur um framgang. Þær hafa verið uppfærðar hjá Háskóla Íslands, og spurningin hvort við uppfærum þær á sama hátt. Gögn verða send háskólaráði fyrir næsta fund.
- d) Nýsköpunar- og þróunarsetur. Sérstök umræða þarf að fara fram um það, sem og um
- e) endurmenntunarmálin, stefnt er að því að þetta verði hvort tveggja kynnt og rætt á starfsmannafundi og næsta háskólaráðsfundi.

Næsti fundur er fyrirhugaður á Hvanneyri 15. nóvember (kl 13-16) með skoðunarferð í bú skólans.

